Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1131
komudagur 21.2.2012

Samgöngumálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

393. mál

Efni: Ályktun um vegamál.

Á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps sem haldinn var þann 15. febrúar s.l var eftirfarandi ályktun samþykkt.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps lýsir ánægju með þær yfirlýsingar ráðamanna að ástand samgöngumála á vestfjörðum kalli á verulega aukið átak í samgöngumálum umfram aðra landshluta. Árneshreppur næsta sveitarfélag norðan Kaldrananeshrepps er eina sveitarfélag landsins sem ekki býr við vegasamband stóran hluta ársins. Meðal annars með því að verkefnin á Bjarnarfjarðarhálsi og Veiðileysuhálsi séu sett í forgang má tryggja að orðum fylgi efndir

Miðað við framlagða samgönguáætlun sér þess ekki stað..

Bjarnarfjarðarháls er settur á annað tímabil 2015-2018 og Veiðileysuháls á þriðja tímabil langt í fjarska 2019-2022 með þessu er stuðlað að falli byggðar í Árneshreppi og nánast gert út af við ferðaþjónustu bæði í Árneshreppi og Bjarnarfirði sem verið hefur byggð upp af mikilli bjartsnýni á síðustu árum meðal annars vegna jákæðra orða ráðamanna sem síðan hefur reynst hjóm eitt.
Nýr vegur yfir Bjarnarfjarðarháls ásamt nýrri brú yfir Bjarnarfjarðará var tilbúinn til úboðs haustið 2008.
Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps krefst þess að þessi verkefni verði færð framar á samgönguáætlun.

Virðingarfyllst

Drangsnesi 16.2.2012

Fh Kaldrananeshrepps

Jenný Jensdóttir, oddviti

ODDVITI KALDRANANESHREPPS

Afrit: Þingmenn Norðversturkjördæmis